

LEIÐLEIKHÚSIÐ

Miðasalan flytur, sjá neðst!

Stóra sviðið kl. 20:00

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís. Sýningar hefjast aftur í haust.

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette. Sýningar hefjast aftur í haust.

Kassinn, Lindargötu 7 kl. 20:00

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt. Fös. 1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kúlan, Lindargötu 7

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleik-sýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6. Aðeins þessar tvær sýningar!

Athugið að miðasalan er lokuð í dag og á morgun!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda. Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

Þökkum samfylgdina á frábærum leikhúsvetri!

Nýtt fjölbreytt og skemmtilegt leikár verður kynnt í ágúst.

Áskriftarkortasala hefst þá. **Vertu með!**

Miðasala í síma 4 600 200 / www.leikfelag.is

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

Sálmar á afmælisári

28. maí 2007, annan í hvítasunnu, mánudag, kl. 17.00

Sálmar VI ... Um lífið og ljósið

Karlakór Reykjavíkur og
Drengjakór Reykjavíkur Hallgrímskirkju
Lenka Máteová orgelleikari
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Miðasala í Hallgrímskirkju og 12 tónum, Skólavörðustíg
Miðaverð: 2000 / 1500 kr. • www.listvinafelag.is

Svanasöngur Sjostakovítsj

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN 31. MAÍ KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Einleikari ::: Sir Donald McIntyre

Þórður Magnússon ::: Það mótlæti þankinn ber
Richard Wagner ::: Valkyrjurnar, Kveðja Óðins
Dímítrí Sjostakovítsj ::: Sinfónía nr. 15

AÐALFUNDUR VINAFÉLAGSINS
í Sunnusal Hótelis Sögu kl. 17.30. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum mun Karólína Eiríksdóttir kynna efnisskrá kvöldsins. Boðið verður upp á súpu og kaffi. Aðgangseyrir er 1.200 kr.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

Fyrsti konsert er frír
Skífning og upplýsingar á www.sinfonia.is

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
fö. 1/6 uppselt, lau. 2/6 uppselt,
lau 9/6 kl. 15 uppselt,
lau 9/6 kl. 20 örfá sæti, fö 15/6 kl. 20,
mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20

MÝRAMAÐURINN
- höf. og leikari Gísli Einarsson
mán. 28/5, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti,
fi 14/6 - síðasta sýning

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200

Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is

Fréttir á SMS
mbl.is

Slátrari býður upp í dans

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

D-sýningarröðin, Rækt, Sigurður Guðjónsson,

Til 17. júní. Opíð alla daga frá kl. 10-17. Fullorðnir: kr 500, eldri borgarar og öryrkjar 250, yngri en 18 ára ókeypis. Ókeypis á fimmtudögum.

SALURINN er myrkur þegar inn er komið, ókennileg hljóð og dramatísk tónlist berast til eyrna, þung teppalykt fyllir vitin. Á tvo veggi er varpað kyrrmyndum af svínsskrokkum, litrófið er dempað líkt og 17. og 18. aldar málverk, brúntónar eru ráðandi. Á langvegg rúllar myndin Rækt, en söguþráður hennar er rakinn stuttlega í texta á vegg áður en inn er komið. Þar segir af svínarækt á nokkuð sérstakan máta.

Mynd- og frásagnarstíll Sigurðar minnir á mynd David Lynch, Eraserhead frá 1977 þar sem Henry Spencer reynir á örvæntingarfullan máta að lifa af í iðnvæddum hryllingsheimi. Litanotkun og dramatísk myndræn áhrif ljóss og skugga kalla líka málverk Caravaggios frá 17. öld upp í hugann. Sigurður er augljóslega aðdáandi hins gróteska og þeirrar mótsagnakenndu fegurðar sem kalla má fram með eins konar upphafningu ljótleikans og hins óhugnanlega. Grótesk myndlist hefur birst á margvíslegan máta í gegnum aldirnar, en komst í tísku á fimmtánda öld þegar rómverskar rústir – grótte – fundust með kynlegum og flúruðum skreytingum af mönnum og dýrum, síðan hefur hið gróteska reglulega gengið í endurnýjun lífdaga, fyrr á öldum í málverkum en á okkar tímum ekki síst í kvikmyndum. Myndmál Sigurðar og

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“ GRETTIR

LADDI 6-TUGUR	DAGUR VONAR
Pri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS. Sun 3/6 kl. 20 UPPS. Mán 4/6 kl. 20 UPPS. Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20	Lau 2/6 kl. 20 Fös 8/6 kl. 20 EKKI er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin
SÖNGLEIKURINN GRETTIR	Fim 31/5 kl. 20 Sýningar hefjast að nýju í september
SÖNGLEIKURINN ÁST	LÍK Í ÓSKILUM Pri 5/6 kl. 20 FORS. Fim 7/6 kl. 20 FORS. Fös 8/6 kl. 20 FORS. Lau 9/6 kl. 20 FORS. Miðaverð 1.500
BELGÍSKA KONGÓ	DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Mið 6/6 kl. 20 UPPS. Sun 10/6 kl. 20 Fim 14/6 kl. 20 Aðeins þessar 4 sýningar	Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500 Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Slátrari „Á tvo veggi er varpað kyrrmyndum af svínsskrokkum, litrófið er dempað líkt og 17. og 18. aldar málverk, brúntónar eru ráðandi.“

áherslan á tilfinningar og undir-meðvitund minnir líka á verk þekktra listamanna á borð við Matthew Barney og herna heima á Gabríelu Friðriksdóttur. Sigurði hefur þó tekist að skapa persónulegt og trú-

verðugt verk og framsetning þess er með besta móti. Rækt nær tókum á áhorfandanum og ljóst að list Sigurðar mun vekja athygli á komandi árum.

Ragna Sigurðardóttir

Dunst gerir stuttmynd

LEIKKONAN Kirsten Dunst ætlar að setjast í leikstjórnastólinn í fyrsta skipti í sumar, en hún mun þá gera stuttmynd. Um er að ræða draugasögu sem Dunst skrifar sjálf, en er byggð á bréfi sem lesandi Glamour tímaritsins sendi til blaðsins.

Dunst, sem er 25 ára, segist fá að ráða öllu sjálf. „Ég vel bréfið, skrifa handritið og vel alla sem ég vil

vinna með. Það er frábært,“ segir leikkonan unga.

Glamour tímaritið stendur að verkefninu sem miðar að því að fá konur til þess að gera myndir sem byggðar eru á bréfum sem berast til blaðsins. Meðal þeirra sem áður hafa gert slíkar myndir eru Jennifer Aniston og Robin Wright Penn.

„SJÚKLEGA FYNDIÐ“

1/6 UPPSELT, 2/6 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 7/6 UPPSELT.

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

Sýningar hefjast kl. 20.00
Ósöttar pantanir seldar daglega.

Miðasalan í Iðnó er opin 11 - 16 virka daga og 2 tíma fyrir sýningu. Sími miðasölu er 562 9700.

ÞABBINN

THORSSON
FRÓDOSSON
midi.is
IÐNÓ
pabbinn.is



Reuters